

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	12.12.2017
Málshn:	1706030
Bréfal:	521.1

11. desember 2017, Hafnarfjörður

Efni: Mótmæli við breytingu á deiliskipulagi á Austurgötu 36

Ég eigandi að Austurgötu 34 mótmæli fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi fyrir Austurgötu 36.

Ég tel mig eiga mikla hagsmuna að gæta með áætlaðri breytingu þar sem lóðin míin liggur að lóð Austurgötu 36.

Nýbyggingin mun auka skuggavarp á lóðina mína og tel ég að breytingarnar stríði gegn hagsmunum mínum.

Ég óska þess að núverandi deiliskipulag haldist óbreytt og vitna hér í álit umboðsmanns alþingis, SUA 727/1992:

„þar sem skipulag er bindandi bæði fyrir stjórnvöld og almenning um framtíðarnot tiltekins svæðis og er almennt ætlaður langur gildistími, verður að vanda til þess. Hönnun og bygging mannvirkja er meðal annars reist á forsendum, sem fram koma í skipulagi. Verður almenningur því að geta treyst því, að festa sé í framkvæmd skipulags og að því verði almennt ekki breytt, nema veigamiklar ástæður mæli með því. Ber að taka tillit til réttmætra hagsmuna þeirra, er breyting skipulags varðar. Skal hér áréttu að skipulag er í senn stjórntæki stjórnvalda um þróun byggðar og landsnotkun, og trygging almennings fyrir því að allar framkvæmdir innan skipulags séu í samræmi við það.“

Virðingarfyllst

Kristín Svansdóttir

Kristín L. Svansdóttir
Austurgötu 34
220 Hafnarfirði